

Í Hvolsskóla er einstaklingsmiðað nám skilgreint eftirfarandi:

- Með einstaklingsmiðuðu námi er átt við viðleitni kennarans til þess að bregðast stöðugt við námslegum þörfum hvers nemanda. Markmið einstaklingsmiðaðra kennsluhátta er að hver nemandi nái hámarks þroska og árangri.
- Einstaklingsmiðuð kennsla er sveigjanleg. Einstaklingsmiðuð kennsla á rætur sínar að rekja til árangurs og stöðugs mats á námsþörfum nemandans.
- Einstaklingsmiðun er hægt að nálgast út frá inntaki, framkvæmd og afrakstri og innan þessara þriggja þátta er hægt að einstaklingsmiða með hliðsjón af námsgrunni nemenda, áhugasviði þeirra og námssniði.
- Við leggjum áherslu á fjölbreyttar kennsluaðferðir. Við leggjum áherslu á að kennarinn er kennari og á að kenna nemendum. Við leggjum áherslu á innlagnir í litlum hópum, þ.e.a.s. að kennarar skipuleggi starfið í námshópum þannig að þeir tali við lítinn hóp í einu og skipuleggi nám og virkni annarra nemenda með það í huga.